

Kópavogsbær
Guðmundur G. Gunnarsson
Digranesvegi 1
200 Kópavogur

Reykjavík, 18. ágúst 2022
UST202206-159/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Bakkabraut - Bryggjuvör - Þinghólsbraut – Kópavogsbær

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Kópavogsbæjar er barst 16. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðir við Bakkabraut 2 og 4, Bryggjuvör 1-3 og Þinghólsbraut 77 og 79.

Í greinargerð kemur fram breytin gengur út á að núverandi atvinnuhúsnæði á lóðunum víki og íbúðarhús, á 2-4 hæðum, rísi þess í stað. Gert er ráð fyrir að heildarfjöldi íbúða á reitnum verði að hámarki 150. Gert er ráð fyrir 0,75-1 bílastæði pr. íbúð og að u.þ.b. 90% þeirra verði í innbyggðum og niðurgrofnum bílageymslum.

Auk uppbyggingar húsnæðis er gert ráð fyrir tilfærslu á núverandi hafnarkanti/steingarði til vesturs og suðurs, með um 730 m² landfyllingu.

Umhverfisstofnun tekur æskilegt að það sé metið hver áhrif aukinnar umferða hjólandi og gangandi meðfram ströndinni og gæludýra, sem fylgir aukinni íbúðarbyggð, séu á fuglafriðlandið.

Friðland

Í greinargerð umhverfismats segir að ekki er sérstök umfjöllun um hvort grípa þurfi til sérstakra ráðstafana þegar byggt er nálægt friðuðu svæði, en fyrirhuguð landfylling myndi ekki ná inn á friðað svæði.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um í tillögunni hvort framkvæmdir geti á einhvern hátt haft áhrif á hinu friðlýsta svæðið. Skv. 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að „*Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfissskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt. Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfseminni eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði.*“

Mikilvægt fuglasvæði og náttúruminjaskrá

Umhverfisstofnun bendir á að innan skipulagssvæðisins er mikilvægt fuglasvæði sem nefnist Álftanes – Skerjafjörður.¹ Auk þess er svæðið skilgreint á náttúruminjaskrá² og nefnist það Bessastaðanes – Gálgahraun og fjörur frá Bala að Kársnesi.³

¹ <https://www.ni.is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi/alftanes-skerjafjordur>

² <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/sudvesturland/>

³ <https://natturuminjaskra.ni.is/>

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um svæðin og það metið hver áhrif tillögunnar eru á verndarsvæði.

Mikilvægt er að mati stofnunarinnar að leitað sé álit hjá Náttúrustofu Kópavogs varðandi áhrif tillögunnar á lífríki og fuglalíf.

Landfylling og mengandi efni

Umhverfisstofnun bendir á að æskilegt er að það komi fram hversu mikið efni í rúmmetrum þarf í landfyllinguna.

Í greinargerð umhverfismats segir að hafa þarf samráð við heilbrigðiseftirlitið varðandi samsetningu efnis sem kann að verða notað úr húsgrunnum og fylgst með að ekki sé um jarðvegmengað efni að ræða. Umhverfisstofnun telur ofangreinda framkvæmd um meðhöndlun jarðvegmengandi efna vera óljósa. Umhverfisstofnun telur æskilegt að fjallað sé nánar um meðhöndlun jarðvegs í tillögunni og bendir stofnunin á mikilvægi þess að það komi fram hversu mikil jarðvegur verður grafin upp á skipulagssvæðinu

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé í umhverfismati, ef við á, um áhrif hreinsunar og meðhöndlun á menguðum jarðvegi, þar sem m.a. eru skoðuð lyktarmengun vegna loftunar og möguleg áhrif á vatn.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson
teymisstjóri